



# NÝS 3A05 - Nýsköpun

Námsáætlun, vorönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Unnur Gísladóttir  
Óttar Ólafsson

**Netfang/netföng:**

unnur.gisladdottir@borgo.is  
ottar.olafsson@borgo.is

**Lýsing:**

Í áfanganum fá nemendur tækifæri til að samþætta þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa öðlast í námi sínu við skólann eða annars staðar. Nemendur velja sér viðfangsefni á sviði nýsköpunar og vinna að því sjálfstætt og í samvinnu við aðra nemendur. Unnið er undir handleiðslu umsjónarkennara áfangans, en auk hans hafa nemendur greitt aðgengi að teymi kennara sem veita leiðsögn á því sérsviði sem nemendur hafa valið.

**Þekking, leikni, hæfni:****Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi þess að vanda til hugmyndavinnu
- hugtakinu nýsköpun
- eðli samvinnu og kostum þess að nýta þann breiða grunn þekkingar, leikni og hæfni sem til staðar er í hópi nemenda
- því sérsviði sem viðfangsefni hans tilheyrir
- tímastjórnun og mikilvægi vandaðrar áætlanagerðar við lausn flókinna og yfirgripsmikilla verkefna
- upplýsingaöflun og mikilvægi upplýsingatækni

**Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með sínar eigin hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd
- greina hugmyndir sem falla undir nýsköpun frá öðrum hugmyndum
- eiga samvinnu við ólíkt fólk sem hefur sömu markmið og hann sjálfur
- leita sér upplýsinga um viðfangsefni sín, bæði sértækra og almennra
- gera verk- og kostnaðaráætlanir fyrir yfirgripsmikil verkefni

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgja eftir hugmynd frá upphafi til enda sem metið er með lokaskýrslu og kynningu nemenda
- eiga farsæla samvinnu með hópi jafningja með sameiginleg markmið fyrir augum. Þetta er metið með lokaskýrslu, kynningu og matsskýrslu
- greina og meta áreyðanleika upplýsinga ...sem er metið með... lokaskýrslu
- gera vandaða áætlun um verk sem fyrir höndum er ...sem er metið með...lokaskýrslu og verkdagbók

**Námsmat:**

Áfanginn er símatsáfangi, í því felst að nemendur vinna ólík verkefni sem öll eru metinn til einkunnar. **Mikilvægt er að nemendur ljúki öllum námsmatsþáttum til að ljúka áfanganum.**



**Nytjamarcaðshraðall (20%),** verkefni unnið á fyrstu þremur vikum áfangans.

**Lyfturæða (15%),** hópurinn undirbýr söluræðu (e. *pitch*) þar sem þeir kynna nýsköpunarhugmynd sína fyrir aðilum sem veita gagnrýni og gagnlegar ábendingar.

**Varan sett „á markað“ (25%),** nemendur gera áætlun um notkun samfélagsmiðla og setja upp heilstætt kynningarefni. Hópurinn stendur að kynningu á hugmynd sinni og afurð.

**Loka-, verk- og matskýrsla (40%),** tekur til allra þátta verkefnisins og áfangana í heild. Hópurinn skilar skýrslu um tilurð þar sem sagt er frá öllum þáttum verkefnisins, allt frá upphaflegri hugmyndavinnu til fullbúinnar afurðar. Nemendur halda utan um alla sjálfstæða vinnu og fundi með kennara (verkdagbækur). Hér metur nemandi metur sitt eigið vinnuframlag og annarra. Lögð er áhersla á reglulega endurgjöf leiðbeinenda, leiðsagnarmat og jafningjamat.

**Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði um tvær klukkustundir á viku.**

{Sundurliðað, tímasetningar í töflu á baksíðu}

**Námshögn:**

**NÝSKÖPUN OG FRUMKVÖÐLAFRÆÐI 1 og 2 – Kennslu- og verkefnabók.** Óttar Ólafsson. Útg MerM.

Annað efni er á INNUsíðu áfangans.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Gerð er krafa um að óútskýrðar fjarvistir fara ekki upp fyrir **10% af heildarmætingu**, í samræmi við skólasóknarreglur.

*Kennsluáætlunin kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur. Verkefni taka bæði til lesefnis og þess sem fram kemur í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Ástundun er mikilvægur þáttur í náminu. Sé nemandi ekki mættur í kennslustund innan 10 mínútna frá því að hún hefst telst hann fjarverandi í tímanum.*

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Upphaf annar, námsáætlun kynnt	
2	9.-13. janúar	Nytjamarkaðshraðall	12. janúar - Sparkið
3	16.-20. janúar	Nytjamarkaðshraðall	
4	23.-27. janúar	Nytjamarkaðshraðall – skil á vöru og kynning	<b>Nytjamarkaðs- hraðall 20%</b>
5	30. jan- 3. febrúar	Hópamyndun – hugmyndaval Fundað með fyrirtækjum	
6	6.-10. febrúar	Hugmyndaval og lyfturæða kynnt	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Viðtöl – Nemendur undirbúa lyfturæður	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Lyfturæður - Markaðskönnun	Vorannarhlé <b>Lyfturræða 15%</b>
9	28. febrúar- 3. mars	Fundur með fyrirtækjum næstu skref – unnið að framkvæmdaráætlun í samræmi við kennara  Vöruþróun – Mörkun og vörumerki	
10	6.-10. mars	Vöruþróun	
11	13.-17. mars	Miðlun og eftirfylgni	
12	20.-24. mars	Varan sett á markað, undirbúningur fyrir vörumessuna. Skýrslur unnar.  <b>Vörumessa í Smáralind 24. og 25. mars</b>	Vörðuvika II (22.- 28. mars) <b>Vara sett á markað 25%</b>
13	27.-31. mars	Lokaskýrslan kynnt og viðtöl við dómara (fyrir þau sem komast í úrslit)	Valdagur Vörðuvika II (22.- 28. Mars) <b>26. mars – Viðtöl við dómara</b>
14	3.-11. Apríl	<b>PÁSKALEYFI</b>	
15	12.-14. Apríl	Fyrirtækjunum lokað – ígrundun og framkvæmdaráætlun fyrir lok annar.	
16	17.-21. apríl	Loka-, verk- og matskýrsla	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Loka-, verk- og matskýrsla	
18	1.-5. maí	Loka-, verk- og matskýrsla	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Skil á loka-, verk- og matskýrsla	<b>Skil á loka-, mats- og verkskýrslu 40%</b>
20	15.-16. maí	Uppsóp	Síðasti kennsludagur/ Varða III

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*